



**FUNDARGERÐ SKÓLARÁÐS FJÖLBROTASKÓLANS Í  
GARÐABÆ 1. FUNDUR Á HAUSTÖNN 2017  
MIÐVIKUDAGINN 23. ÁGÚST KL.13:15**

**1. Bréf o.fl. erindi.**

**A. Umsóknir um leyfi (sjá minnisblað)**

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemenda.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlok ef skólasókn er að öðru leyti góð – miðað er við 96% skólasókn fyrir utan þá daga sem sótt er um leyfi fyrir. Skólaráð ítrekar að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.

**B. Umsóknir um mat á íþróttum, skerta tímasókn, undanfarabrot**

Umsóknum um mat á íþróttum er vísað til kennslustjóra í íþróttum til afgreiðslu

**C. Önnur bréf**

Nemandi sendir inn bréf vegna undanþágu frá stærðfræði til stúdentsprófs.

Vísað til kennslustjóra í stærðfræði til umsagnar.

Nemandi sendir inn bréf vegna niðurgreiðslu á fjarnámi.

Vísað til skólameistara.

Tveir nemendur senda inn bréf vegna niðurstöðu úr prófi.

Vísað til viðkomandi kennslustjóra til skoðunar.

Nemandi sendir inn bréf vegna höfnunar á skólavist ( frá maí )

Málið var afgreitt og niðurstaða send til viðkomandi.

**2. Félagslíf og fjármál NFFG**

Þar sem þetta var fyrsti fundur nýrra nemendafulltrúa var farið í gegnum hlutverk nemendafulltrúa í skólaráði og undirstrikað mikilvægi þagnarskyldunnar.

Forseti og fjármálastjóri NFFG kynntu fyrirhugað starf vetrarins. Nýnemaferð verður 7. – 8.sept og nýnemaball 13.sept. á Spot. Hin árlega Þórsmurkurferð verður í byrjun október. Skólaráð hvetur nýnema sérstaklega til að taka þátt í félagslífi skólans.

Skólameistari óskaði eftir því að dagskrá vetrarins hjá nemendum yrði lögð fyrir og birt á heimasíðu skólans.

**Fundinn sátu:**

Anna G. Hugadóttir náms-og starfsráðgjafi

Anna Jeeves fulltrúi kennara

Edith Edda Unnarsdóttir fulltrúi kennara

Elísabet Siemsen aðstoðarskólameistari og fundarritari

Finnbogi Jakobsson fjármálastjóri NFFG

Guðmundur Stefán Gíslason verkefnastjóri

Petrún Björg Jónsdóttir forvarnafulltrúi

Rebekka Þurý Pétursdóttir forseti NFFG

Snjólaug E. Bjarnadóttir áfangastjóri

Tinna Ösp Arnardóttir félagsmálafulltrúi

Unnur Símonardóttir náms-og starfsráðgjafi